

**BORUN TVEGGJA GUFUHOLA OG
NIÐURRENSLISHOLU Í SVARTSENGI
GRINDAVÍK**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun tveggja gufuhola með tilheyrandi tengingum við orkuverið í Svartsengi og borun niðurrenslisholu og tilheyrandi lagningu aðveitulagnar að henni sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin þarf að vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag en ekki liggur fyrir að svo sé. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hitaveita Suðurnesja og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. mars 2008.

21. febrúar 2008

INNGANGUR

Þann 30. október 2007 tilkynnti VSÓ Ráðgjöf f.h., Hitaveitu Suðurnesja af., borun tveggja gufuhola og niðurrenslisholu í Svartsengi, Grindavíkurbæ, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 2. c. i og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grindavíkurbæ með bréfi dags. 23. janúar og 20. febrúar 2008, Ferðamálastofu með bréfi dags. 21. nóvember 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 19. nóvember og tölvupóstum 3. og 18. desember 2007, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 7. nóvember 2007, Orkustofnun með bréfi dags. 21. nóvember 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. nóvember 2007. Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ Ráðgjöf með bréfi dags. 27. nóvember, minnisblaði dags. 3. desember og bréfi 14. desember 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Framkvæmdin fellst í borun tveggja gufuhola með tilheyrandi tengingum við orkuverið í Svartsengi og borun niðurrenslisholu og tilheyrandi lagningu aðveitulagnar að henni. Gert er ráð fyrir að borunin fari fram veturinn 2007-2008.

Ætlunin er að stefnubora í austur frá borplani SV-12 og í norðaustur frá borplani SV-06 og ná þannig til gufupúða er gæfi 5-10 MW úr hvorri holu. Ætlunin er að nýta borplön sem fyrir eru en gert er ráð fyrir að stækka þau til að skapa fullnægjandi aðstöðu til borunar. Á borplani verður safnþró, við hlið skolkars borsins, fyrir borsvarf og úr þrónni er vatni fleytt um yfirfall og það látið renna um sprungur niður í grunnvatnsgeyminn, þannig að ummerki á yfirborði verði lítil. Borsvarf verður flutt burtu og fargað á viðurkenndan hátt verði þess krafist.

Fyrirhugað er að bora niðurrenslisholu á borplani SV-17 í Skipsstígshrauni. Borholan verði a.m.k. 20 m frá núverandi niðurrenslisholu og þarf að stækka borplanið um 20 m til suðurs. Yfir holuna verður sett hús til að hlífa búnaði sem tengist borholunni.

Leggja þarf nýja lögn að niðurrenslisholunni, u.þ.b. 2.800 m langa, samhliða núverandi lögn en ekki hefur verið ákveðið hvoru megin núverandi lagnar hún verður. Á lögninni verða þensluhlykkir u.þ.b. 14 x 14 m, eins og á núverandi lögn og notast verður við núverandi veg við framkvæmdina.

Á framkvæmdatíma þarf að leggja vatnslögn, frá skolvatnsveitu að bornum, sem annar a.m.k. 80 - 100 l/s í sírennslu. Vatnslögnin verður á yfirborði og fjarlægð að verki loknu.

Það er álit Hitaveitu Suðurnesja hf. að hugsanleg umhverfisáhrif vegna breytingar á jarðhitanýtingu í Svartsengi og borun og rekstur niðurrenslisholu í Skipsstígshrauni, geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að borun nýrra gufuhola og nýting gufupúða hefur ekki áhrif á upptekt jarðhitavökva úr jarðhitageyminum. Fyrirhuguð niðurrenslishola

er innan svæðis sem tilgreint er sem óbyggt svæði og er jafnframt innan svæðis sem er á Náttúruminjaskrá. Þá er svæðið Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg hluti af Náttúruverndaráætlun 2004-2008 þar sem gerð er tillaga um friðlýsingu. Forsendur fyrir því að svæðið er á þessari áætlun eru fyrst og fremst jarðfræðileg einkenni. Að teknu tilliti til mögulegra áhrifa á náttúrufar er það mat Hitaveitu Suðurnesja hf. að fyrirhuguð jarðhitanyting á svæðinu komi ekki til með að hafa veruleg áhrif á verndargildi svæðisins.

Áhrif á hljóðvist. Gera má ráð fyrir að hávaði frá holu í blæstri verði allt að 88-93 dB(A) í 10 m fjarlægð. Gistihús er í næsta nágrenni borholu SV-12 og nokkur truflun gæti orðið á meðan prófanir á borholu standa yfir og holan er látin blása en verði tímabundin og leitast verði við að það verði ekki á aðal ferðamannatíma. Það sé mat Hitaveitu Suðurnesja hf. að áformuð framkvæmd hafi nokkur, tímabundin áhrif á hljóðvist og verður fyrirhuguð framkvæmd kynnt hagsmunaaðilum.

Áhrif á ferðamennsku. Fram kemur að áhrif á ferðamennsku verða helst á framkvæmdatíma og við tímabundinn blástur hola.

Áhrif á landslag. Fram kemur að áhrif á landslag verði óveruleg þar sem borholur verða á borplönunum sem eru til staðar og þarf aðeins að stækka lítið eitt. Borun tekur 30-40 daga, að því loknu verður borbúnaður fjarlægður af svæðinu. Ný niðurrennslishögn verði samhliða þeirri sem fyrir er og eykur sjónræn áhrif að einhverju leyti.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að borplön orkuvinnslu í Svartsengi eru innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020 og borplön SV-06 og SV-12 í samræmi við það.

Áformuð niðurrennslishola er skv. aðalskipulagi Grindavíkur á svæði sem tilgreint er sem óbyggt og innan marka svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið er ekki deiliskipulagt en lega niðurrennslishagnar í átt að niðurrennslisholu er sýnd á gildandi deiliskipulagsupprætti.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að allar borholur séu innan afmarkaðra borsvæða en fyrirhugaðar gufuholur gætu orðið lítið eitt utan þeirra, þar sem líklega þarf að stækka borplönin við borholur SV-06 og SV-12.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að nýta gufupúða á allt að 1.200 m dýpi til framleiðslu á raforku og að dæla niðurrennslishvatni frá jarðvarmavirkjun aftur niður í jörðina og stuðla þannig að viðhaldi þrýstings í jarðhitageymum svæðisins.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Grindavíkurbær, Ferðamálastofa, iðnaðarráðuneytið og Umhverfistofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkir borsvæði SV-06 og SV-12 með fyrirvara um að hljóðvist sé í samræmi við 22. grein reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Borun innan núverandi borteiga muni ekki hafa umtalsverð

umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum, en sé framkvæmdaleyfisskyld.

Áhrif á hljóðvist. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir athugasemd við fyrirhugaða borun holu SV-12 vegna hávaða við nærliggjandi hótél (Northern Light Inn), sem sé í innan við 40 metra fjarlægð. Vísað er til 22 gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti en þar segir m.a.: „*Skylt er að haga allri háværrí starfsemi þannig að ekki valdi ónæði. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum í reglugerð um hávaða.*“ Gerð er krafa um að hljóðvist sé í samræmi við fyrrgreinda reglugerð og reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, við borun holu SV – 12.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila, kemur m.a. fram að á borplani holu SV-12 sé fyrirhugað að ný borhola verði um 96 m frá hótélinu. Niðurstaða á athugunum á hljóðvist bendi til að hávaði við vegg á hótélinu geti orðið allt að 70 dB(A) á meðan á framkvæmdum stendur.

Í svörum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, dags. 3. des. 2007, við framangreindum frekari upplýsingum kemur fram að stofnunin heldur sig við fyrrgreinda kröfu um að hljóðvist við hótelið, frá framkvæmd við borplan SV-12, skuli ekki fara yfir þau mörk sem tilgreind eru fyrir íbúðabyggð í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

Í bréfi VSÓ Ráðgjöf, dags. 14. des. 2007, kemur fram að til að ná því markmiði að hljóðstig við hótél Northern Light Inn verði undir 40 dB(A) að nóttu til muni framkvæmdaraðili setja upp hljóðmön í jaðri borplans holu SV-12.

Í svörum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, með tölvupósti 18. des. 2007, segir m.a.: „*Verði farið að kröfum fyrrgreindrar reglugerðar, með t.d. hljóðmön eða vegg, sér Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja ekki þörf á að koma með frekari umsögn og athugasemdir.*“

Áhrif á jarðhitaauðlindina. Orkustofnun bendir á að sú vinnsla og niðurdæling sem stefnt er að með fyrirhuguðum borunum tryggi aukna nýtni þeirrar frumorku sem numin er úr jarðhitakerfinu. Sömuleiðis telur Orkustofnun áform Hitaveitu Suðurnesja hf. miða að bættum skilningi á gufupúðanum sem stuðlar að skynsamlegri nýtingu jarðhitakerfisins. Vinnslan á rætur að rekja til háhitakerfis sem Hitaveita Suðurnesja nýtir nú þegar, og telur Orkustofnun hana ekki líklega til að valda verulegum umhverfisáhrifum.

Iðnaðarráðuneytið telur í ljósi fram kominna upplýsinga um umfang, eðli og staðsetningu framkvæmda á núverandi iðnaðarsvæði í Svartsengi, notkun á núverandi borplönunum, legu niðurrennslisholu og að framkvæmdin hefur ekki áhrif á upptekt jarðhitavökva úr jarðhitakerfinu sé hún ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun tveggja gufuhola með tilheyrandi tengingum við orkuverið í Svartsengi, borun niðurrennslisholu og tilheyrandi lagningu aðveitulagnar að henni. Gert er ráð fyrir að borunin fari fram veturinn 2007-2008. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2. c. i og 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á hljóðvist á meðan á borun stendur og þegar borholum er hleypt upp. Áhrifanna mun einkum gæta við hótél (Northern Light Inn) frá borun holu á borplani holu SV-12. Fram kemur að áætlað hljóðstig við vegg hótelsins geti orðið um 44 dB(A) en má ekki fara yfir 40 dB(A) skv. reglugerð nr. 933/1999. Þessum mörkum hyggst framkvæmdaraðili ná með gerð hljóðmanar á jaðri borplansins. Skipulagsstofnun telur að uppfylltu ákvæði reglugerðar nr. 93/1999 muni hávaði frá framkvæmdinni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun telur, í ljósi umsagna iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar að áhrif framkvæmdarinnar á jarðhitauðlindina verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun verði óveruleg þar sem framkvæmdin hefur ekki áhrif útfyrir núverandi iðnaðarsvæði. Áhrif á landslag, jarðmyndanir og gróður verði einnig óveruleg en undirstrikað er mikilvægi þess að förgun skolvatns við borun og jarðhitavökva við blástur hola, hafi ekki áhrif á yfirborði óraskaðs lands.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hitaveitu Suðurnesja hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hitaveitu Suðurnesja hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun tveggja gufuhola með tilheyrandi tengingum við orkuverið í Svartsengi og borun niðurrennslisholu og tilheyrandi lagningu aðveitulagnar að henni sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin þarf að vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag en ekki liggur fyrir að svo sé. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hitaveita Suðurnesja og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. mars 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson